

Sp.

81. Tillaga til þingsályktunar

[75. mál]

um bætta póst- og símaþjónustu úti um byggðir landsins.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jón Árnason, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að auka og endurbæta þjónustu Pósts og síma úti um byggðir landsins, svo að allir landsmenn geti búið við sem jafnasta aðstöðu að þessu leyti.

Greinargerð.

Á undanförunum þingum hafa nokkrum sinnum komið fram tillögur um endurskoðun og samræmingu á gjaldskrá Landssímans. Bent hefur verið á, að landsmenn búi við mjög ójafna aðstöðu að þessu leyti. Með útbreiðslu hins sjálfvirka símakerfis hafi landinu verið skipt í 9 svæði með ákveðnu svæðisnúmeri. Mismunandi gjaldskrár séu innan svæðanna. Á Reykjavíkursvæðinu geti símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garða- og Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á lægsta gjaldi. Á öðrum svæðum gildi mismunandi reglur.

Víða úti um land eru kvartanir tíðar um það, að erfitt sé að ná símasambandi við Reykjavíkursvæðið, svo og ýmsa aðra staði. Opnunartími hinna einstöku stöðva sé mjög stuttur og landssímarásir of fáar. Verði símaþjónustan því ónóg og afar kostnaðarsöm víða í strjálhýlinu.

Þá er oft að því vikið og á það bent, að póstsamgöngum sé mjög ábótavant víða úti um landið. Bréf og blöð séu lengi á leiðinni til viðtakenda. Dæmi nefnd um það, að bréf séu jafnvel fljótari í ferðum milli heimsálfa en ákveðinna staða innanlands eða jafnvel innanhéraðs. Þá séu greiðslur til þeirra aðila, sem þessi störf vinna, í algeru lágmarki, sérstaklega í fámenninu.

Það skal tekið fram, að hér er ekki um ádeilu að ræða á hendur póst- og síma-málastjórn. Vitað er, að sú þjónusta, sem unnt er að láta í té, fer að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir afgreiðslu fjárveitingavaldsins. Það stoðar lítt, þó að þeir, sem að þessum málum vinna, séu allir af vilja gerðir og reyni að greiða götu manna af fremsta megni. Þeim er í raun og veru skammtað fé af hálfu hins opinbera, og tekjur þeirra jafnvel rýrðar, svo sem þegar ákveðið var að taka söluskatt af símaþjónustu 1. janúar 1972.

Það ber að viðurkenna, að mikið hefur áunnist undanfarin ár að því er snertir útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi og uppbyggingu á þjónustu þess við borgarana. Mikið vantar þó á, að um sambærilega aðstöðu allra landsmanna sé að ræða í þessum efnum. Póstsamgöngur eru jafnvel í enn lakara horfi en var fyrir mörgum árum í sumum héruðum.

Ríkisstjórn sú, er nú situr, kveðst leggja ríka áherslu á byggðastefnu, þó að skiptar skoðanir séu á því, að svo sé í raun og veru. Á þessu sviði er rík nauðsyn að gera átak til að jafna aðstöðu landsmanna. Það er réttlætismál í anda byggðastefnunnar. Tillaga þessi er flutt með það fyrir augum, að reynt verði að þoka þessum málum í viðunandi horf.